



30. stjórnarfundur LH
9. júní 2022 kl. 16:00
í Harðarþóli

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Sóley Margeirsdóttir, Gréta V. Guðmundsdóttir og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fjarverandi: Einar Gíslason úr aðalstjórn, Lilja Reynisdóttir, og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 29. Fundar

2. Ársreikningur LH 2021

Ársreikningur LH samþykktur og undirritaður.

3. Lög og reglur LH

Ólafur Haraldsson formaður laganefndar hefur skilað af sér tillögu að endurbættri útgáfu af lögum LH. Tillagan fellst í því að uppsetning verði aðlöguð að reglverki FEIF. Stjórn, keppnisnefnd og aganefnd þurfa að taka afstöðu til ákveðinna álitamála.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að skipuleggja fundi með þeim nefndum sem kaflar heyra undir.

4. Rekstrarreikningur LH jan-apríl 2022

Fjögurra mánaða árshlutauppgjör kynnt.

5. Ársreikningur LM ehf. 2022

Ársreikningur LM ehf. kynntur.

6. Beiðni knapa í Bretlandi um að fá að keppa í Dressage undir íslensku flaggi

Sara Kristín Douglas óskar eftir heimild til að keppa á alþjóðlegum mótum í Dressage undir íslenskum fána. Sambærileg beiðni barst frá hindrunarstökkknapa í Belgíu árið 2018 og var þá hafnað.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að senda Söru svar á sömu nótum og sent var til hindrunarstökkknapanans.

7. Erindi frá GDLH um að FEIF-reglur um búnað gildi í WR-gæðingakeppni á Landsmóti

GDLH óskar eftir álitum LH varðandi það að fella út íslenska sérreglu um notkun á skáreim með stöngum í WR hluta gæðingakepninnar á LM og stuðst verði við reglur um búnað í WR reglum FEIF þar sem skáreim er ekki leyfð.

Afgreiðsla: Stjórn óskar eftir álitum keppnisnefndar um málið.

8. Kæra vegna úrslita í unglingaflokki í landsmótsúrtöku Fáks



Inga Guðmundsdóttir kærir niðurstöður í unglingaflokki á Gæðingamóti Fáks 2022 þar sem tveir knapar urðu jafnir. Keppnisnefnd hefur fjallað um málið og úrskurðað að skv. gr. 6.5 í lögum LH skuli árangur í hinni umferð úrtökunnar gilda þegar betri einkunn tveggja knapa er jöfn.

Afgreiðsla: Stjórn óskar eftir álitu laganefndar á úrskurði keppnisnefndar.

9. Önnur mál

- a. Landsmót 2022 óskar eftir álitu stjórnar á því að veita liðabikar á Landsmóti. Stjórn gerir ekki athugasemd við að veitt verði verðlaun fyrir besta árangur félags.
- c. Uppskeruhátíð – Anítu, Grétu, Hákonu og Guðna falið að hefja undirbúning uppskeruhátíðar.
- d. Norðurlandamót – farið yfir stöðuna varðandi val í landslið sem fer á mótið.

Fundi slitið kl. 18.42